



1. febrúar 2023

Undanþága frá leikreglum til notkunar á höfuðhlífum

Stjórn HSÍ hefur ákveðið að leyfa notkun höfuðhlífa án sérstakra undanþágu og fara þar með að fordæmi danska handknattleikssambandsins sem hefur leyft slíkar höfuðhlífar frá því 2016.

Höfuðhlífin má ekki vera hættuleg öðrum leikmönnum, hún þarf að vera úr mjúku efni og vera eingöngu ætluð til að verja höfuð leikmanns. Þá má hlífin ekki vera með nokkurskonar lausa enda eða lykkjur.

Markverðir mega nota hjálm og aðrar höfuðhlífar en útileikmenn mega nota höfuðhlífar aðrar en hjálma (sjá myndir til stuðnings).

Þetta fyrirkomulag gildir í öllum flokkum í mótum á vegum HSÍ.

ATH rétt er að geta þess að þó svo að handknattleikssambönd einstakra landa leyfi höfuðhlífar eru þær ekki leyfðar samkvæmt leikreglum og því ekki leyfðar í keppnum á vegum EHF/IHF. Rétt er að kynna sér reglur í hverju landi fyrir sig ef íslensk félagslid sækja mót erlendis.

Dæmi um höfuðhlífar sem eru leyfðar má sjá hér fyrir neðan.



Hjálmur - leyfðir fyrir markverði



Höfuðhlíf – Leyfð fyrir markverði og útileikmenn



Höfuðhlíf – Leyfð fyrir markverði og útileikmenn

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

